



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 4/2014

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Okkar líftryggingum
2. Viðlagatryggingu Íslands
3. Vátryggingafélagi Íslands
4. Sjóvá

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 4/2014 varð að leiðbeinandi tilmælum nr. 3/2014 um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings hjá vátryggingafélögum

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1.	Viðlagatrygging Íslands	Almenn umsögn	<p>Í tilmælunum er ekki greint frá því hvaða reglur gilda um þá sem hafa undanþágu frá Solvency II eins og Viðlagatrygging Íslands hefur. Mikilvægt er að fram komi hvaða ákvæði tilmælanna eiga við um þá sem hafa undanþágu frá Solvency II vegna þeirra ríku krafna sem gerðar eru í tilmælunum um skýrslur og upplýsingagjöf sem byggir á kröfum vegna Solvency II. Ég sakna þess jafnframt að engin umfjöllun skuli vera um sviksemisáhættu, hvorki í þessum tilmælum eða þeim eldri. Tel það vera raunverulega og mikilvæga áhættu sem gera á kröfu til að sé höfð til hliðsjónar við gerð verklagsreglna og skipulags áhættustýringar í váttryggingarfélagum. Afdráttarlaust er tilgreint að sá sem skuli sjá um útreikning váttryggingaskuldar skuli vera "tryggingastærðfræðingur" sem mér finnst of takmarkandi í úrvali váttryggingafélaganna fyrir val á starfsfólki. Fjölmarginir aðilar með aðra menntun geta uppfyllt hæfiskröfur til þeirra verkefna sem þeim eru ætluð við útreikning á váttryggingarskuld, ráðgjöf um áhættutöku og endurtryggingarvernd. Eðlilegra væri að segja að viðkomandi skuli hæfur til þeirra verkefna sem hann er ráðinn til, hvernig sem farið er að því að skilgreina það. Hjá Viðlagatryggingu Íslands er t.d. mikilvægt að sá sem sér um áhættuútreikninga og ákvörðun um váttryggingarskuld sé með þekkingu á náttúruvá og byggingartæknifræði, tjónamötum osfrv. auk mikillar stærðfræðiþekkingar.</p>
2	VÍS	Almenn umsögn	<p>Í inngangi er talað um "tvennar" viðbætur. Rétt er að að segja tvær viðbætur</p>
3	Vís	2	<p>Hér er notað orðið "tilgreina" á öðrum stöðum er notast við orðið "auðkenna"</p>
4	Sjóva	3	<p>Í tilmælunum er krafa eða tilmæli um að félag skuli setja sér stefnu um ýmsar áhættur. Er ekki rétt skilið að þessar stefnur falli innan áhættustefnunar, séu settar fram þar en að ekki sé nauðsynlegt að gefa út sérstakar stefnur um hverja og eina</p>
5	Vís	10	<p>Ekki er gerð krafa um rekstrarlegt óhæði í undirbúningstilmælum EIOPA. Ákvæðið verður því tekið út.</p>

6	Viðlagatrygging Íslands	10	Í litlu tryggingarfélagi eins og Viðlagatryggingu Íslands er hæpið að hafa sérstakt starfssvið sem er rekstrarlega óháð öðrum einingum félagsins. Þar sem tekið er sérstaklega fram að framkvæmdin eigi að taka mið af eðli, stærð og margbreytileika starfseminnar geri ég ekki ráð fyrir að slík krafa yrði gerð til starfsemi Viðlagatryggingar Íslands. Ég geri því ekki athugasemd við greinina, en vek athygli á því að ef hægt væri að hafa skýrar orðað að þetta ætti við um stærri váttryggingarfélög þá væri það kostur. (Væri hægt að hafa takmörkun m.v. fjölda starfsmanna?) Þessi grein hljómar svolítið einkennilega, meira eins og skýring á því sem nú er gert, fremur en fyrirmæli. Eðlilegra væri að segja "Taka ætti/skal tillit til allra viðeigandi áhættuþátta váttryggingarfélagsins. Tilgreina ætti/skal samhengi á milli áhættustýringar....." Þar sem talað er um "magn og gæði" fjármuna er líka óvenjulegt. Væri heppilegra að tala bara um "eignir" eða "verðmæti"?
7	Okkar	10	Hvernig ber að skilja það að sérstakt starfssvið sem sinnir áhættustýringu sé "rekstrarlega óháð öðrum einingum þess"? Má t.d. forstjóri eða fjármálastjóri sinna starfsskyldum áhættustjóra? Lykilatriði, og sem kemur reyndar fram í ákvæðinu, er að tekið sé mið af eðli, stærð og margbreytileika starfseminnar. a. liður > hvað er átt við með "... hvernig stefnt sé að þeim markmiðum."? Félagið setur stefnu um markaðsáhættu þar sem fram koma ákveðin markmið sem stefna skuli að. Hvernig er ætlast til að skýrt sé betur með hvaða hætti stefnt sé að markmiðunum? Er þetta ákvæði mögulega komið í hring?
8	Sjóva	20	Skilgreining á eigin áhættu í gr. 20 kafla 1.6. Er þetta sambærilegt við það sem áður var þolmörk?
9	Sjóvá	25	Þessi grein hljómar svolítið einkennilega, meira eins og skýring á því sem nú er gert, fremur en fyrirmæli. Eðlilegra væri að segja "Taka ætti/skal tillit til allra viðeigandi áhættuþátta váttryggingarfélagsins. Tilgreina ætti/skal samhengi á milli áhættustýringar....." Þar sem talað er um "magn og gæði" fjármuna er líka óvenjulegt. Væri heppilegra að tala bara um "eignir" eða "verðmæti"?
10	VÍS	28	Heildarmatið er "sent" FME ekki "send"
11	VÍS	39	f.liður: Hvernig fjárfest er fyrir iðgjöld er markaðs- og lausafjáraáhætta en ekki váttryggingaáhætta
12	VÍS	42	Fjárfestingarstefna kemur fyrst fram í c.lið og hvergi aftur. c.liður: Er ekki eðlilegra að telja upp það sem má en ekki það sem er bannað? o.liður: er óþarfur og á ekki rétt á sér - að öðrum kosti þarf að útskýra þetta.
13	Okkar	42	h. liður > þarf ekki að skýra nánar hvaða aðstæður nákvæmlega eru "óhagstæðar"?

14	Okkar	43	Af hverju eru óskráð verðbréf (eignir sem ekki hafa verið teknar til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði) undir sama hatt og afleiður, skuldabréfavafninga o.þ.h. og þar með gerðar ríkari kröfur til sérlegrar umfjöllunar um t.d. "getu félagsins við að stýra slíkum fjárfestingum" (sbr. c. lið)? Þarf ekki að líta til og aðlaga eins og hægt er þessar kröfur að íslenskum fjármálamarkaði? Á öðrum stað er talað um "óheðbundnar fjármálaafurðir"; þarf ekki að skilgreina nánar hvaða afurðir það geta verið?
15	VÍS	53	d.liður: "bótaskylda" á væntanlega að vera "greiðsluskylda" (tjón er gjaldfallið)
16	Okkar	56	Stýring er "skynsamleg" ekki skynsöm
17	VÍS	61	hér á væntanlega að vera: "endurskoða reglulega stefnu rekstraráhættu félagsins
18	VÍS	62	stefnu um rekstraráhættu - ekki áhættustýringarstefnu um rekstraráhættu. Allir starfsmenn "skulu" vera meðvitaðir!
19	VÍS	66	Er fyrirsögnin ekki endurtekning á fyrirsögn 61.? Betra væri: Endurskoða skal stefnu um rekstraráhættu reglulega...
20	VÍS	68	Fyrrihluti er váttryggingaáhætta. Seinni hluti er á ekki heima í tilmælum (tekið upp úr váttryggingasamningalögnum)
21	Okkar	70	d. liður > félagið á erfitt með að átta sig á við hvað er átt og telur til bóta ef hægt væri að nefna dæmi.
22	Okkar	73	Vísað er í starfssvið tryggingarstærðfræðings eins og það er skilgreint í ákvæði 48. gr. tilkipunarinnar. Færi vel að lista upp hvað kemur þarna fram eða vísa í uppfærslu sem væntanlega gera þarf á lögnum samhliða.
23	VÍS	77	Áhrif breytinga á gögnum?!? - er leyfilegt að breyta gögnum?
24	Okkar	78	Víðtækt orðalag. Liggur fyrir nákvæmlega hvaða kröfur eru gerðar?
25	Okkar	79	Ráðgjöf tryggingastærðfræðings um stefnu um áhættutöku? Er gert ráð fyrir að hann skili t.d. skýrslu eða hvernig verður útfærslan?
26	Okkar	80	Í tilmælum nr. 1/2009 um skýrslur tryggingastærðfræðinga líftryggingarfélaganna til fjármálaeftirlitsins. Verða þau tilmæli áfram í gildi eða verða þau uppfærð?
27	VÍS	85	85.-92. ætti að vera einn kafli sem heitir t.d. : Skýrsla váttryggingafélags um stjórnkerfi

28	Okkar	87	a. liður - Varðar fylgni við hæfniskröfur. Eru jafn ríkar kröfur hér til minni félaga. Nú getur t.d. verið að innan félagsins henti betur að sami aðili sinni regluvörslu og innra eftirliti eða áhættustýringu og innra eftirliti. Verða einhverjar leiðbeiningar um lágmarks hæfniskröfur.
29	VÍS	93	93.-94. ætti að vera einn kafli sem heitir t.d.: Skýrsla váttryggingafélags um eiginfjárstýringu
30	VÍS	95	95.-102. ætti að vera einn kafli sem heitir t.d.: Skýrsla váttryggingafélags um mat skv. Solvency II